

Tillaga að samkomulagi

Vísað er til samskipta LEX lögmannsstofu, f.h. landeigenda Arnarness vestan Hafnarfjarðarvegar annars vegar Garðabæjar annars vegar, varðandi ágreining að því er varðar eignarhald á tilteknum hluta jarðarinnar Arnarness vestan Hafnarfjarðarvegar, m.a. með tilliti til samnings landeigenda og Garðabæjar, frá 8. ágúst 1963 varðandi gatnaframkvæmdir, skipulag o.fl. á Arnarnesi. Vísast til tillögu að samkomulagi frá Garðabæ sem lögð var fram í nóvember 2014 og funda lögmanna aðila fyrir og eftir þann tíma.

Til lausnar ofangreinds ágreinings aðila gera landeigendur Arnarness hér með að tillögu sinni að Garðabær leysi til sín jarðarréttindi *jarðarinnar Arnarness, vestan Hafnarfjarðarvegar*, ásamt öllu sem jörðinni fylgir og fylgja ber, að undanskildu svæði á Háholti, en aðilar eru sammála um að úr ágreiningi um eignarhald þess svæðis skuli leyst fyrir dómstólum.

Fyrir jörðina Arnarnes, vestan Hafnarfjarðarvegar, að undanskildu svæði á Háholti, greiðir Garðabær endurgjald sem skal samsett af annars vegar af peningafjárhæð og hins vegar afhendingu á óbyggðum lóðum í nýju hverfi í Hnoðraholti í Garðabæ með þeim hætti sem hér greinir:


- a) Peningagreiðsla að fjárhæð kr. 150.000.000
- b) Ein fjölbýlishúsalóð fyrir 12 íbúða fjölbýlishús
- c) Fjórar raðhúsalóðir/parhúsalóðir
- d) Fjórar einbýlishúsalóðir

Lóðir samkvæmt liðum b-d skulu allar staðsettar sunnan megin Hnoðraholtshverfinu og skal gatnagerðargjald innifalið. Tillaga þessi miðar þá við að bygging á lóðunum skuli möguleg innan fimm ára frá dagsetningu endanlegs samkomulags og að deiliskipulag svæðisins verði samþykkt án óverulegra breytinga frá núgildandi tillögu. Samhliða falla landeigendur frá hvers kyns ágreiningi og kröfum á hendur Garðabæ, hverju nafni sem nefnast, þ.m.t. ágreiningi vegna deiliskipulags svæðisins, að undanskildum ágreiningi vegna eignarhalds á svæði á Háholti.

Tillaga þessi er einungis sett fram í því skyni að leysa meintan ágreining aðila. Í tillögunni felst ekki viðurkenning á neins konar réttmæti krafna Garðabæjar gagnvart landeigendum. Náist ekki samkomulag milli aðila í samræmi við framangreint, árétta landeigendur þau sjónarmið sem áður hefur verið vísað til hvað varðar ágreiningsefnið, og eru óbundnir af framangreindri tillögu frekar. Tillaga þessi er háð fyrirvara um endanlegt samþykki allra landeigenda og nánari útfærslu einstakra atriða í endanlegu samkomulagi.

Tillaga þessi gildir til 1. febrúar nk. og miðar við frágang samnings í mars 2016.

Virðingarfyllst,
f.h. landeigenda



Birgir Már Björnsson hdl.
f.h. Arnars Þórs Stefánssonar hrl.